

02.06.–30.09.2018

Einskis- mannsland No Man's Land

Ríkir þar fegurðin ein?
Where Beauty Alone Reigns?

Einskismannsland

Í heiti þessarar viðamiklu sýningar er vísað til hálandis Íslands og hugmynda sem íbúar landsins hafa haldið á lofti um það. Þar er ýjað að fáförnum víðernum og villtri náttúru þar sem áhrifa mannsins gætir varla. Vitanlega hefur afstaða fólks tekið miklum breytingum í árunna rás í takt við betri aðgang að svæðinu og margháttaða nýtingu þess. Þrátt fyrir allt má enn í dag greina tilhneigingu til þess að viðhalda ímynd hálandisins sem ósnortins landsvæðis. Í rúma öld hefur einskismannsland birst í verkum myndlistarmanna. Þeir hafa á hverjum tíma endurspeglað þau ólíku viðhorf sem uppi hafa verið um öræfin og jafnframt átt ríkan þátt í að móta þau viðhorf.

Kjarvalsstaðir

Víðerni Íslands koma fram sem viðfangsefni listamanna í rituðu máli áður en þau birtast á mynd, til dæmis í ættjarðarljóðlist níttjándu aldar. Næst í röðinni má segja að hafi verið ljósmyndun og fljótlega fylgdi málalastin í kjölfarið. Fyrstu ljósmyndarnir ferðuðust víða um landið og tóku myndir af fáförnum stöðum. Þar birtist landið þjóðinni með nýjum hætti, enda beindu þeir linsunni gjarnan að sérstökum náttúrfyrirbærum og landslagi. Öldum saman höfðu víðernin verið mönnum varhugavert svæði sem enginn vogaði sér á nema til að komast á milli staða. Verk hinna fyrstu ljósmyndara vöktu áður óþekktan áhuga og endurspegluðu ný viðhorf. Myndirnar urðu vinsælar og birtust jafnframt í innlendum sem erlendum ferðabókum. Sýn ljósmyndaranna á landið lagði grunn að fyrstu myndrænu kynnum fólks af hinni ósnortnu náttúru Íslands. Um leið má segja að upp frá því megi deila um hversu ósnortin hún var; listamenn höfðu sett mark sitt á hana.

Skömmu upp úr aldamótunum 1900 fóru listmálarnir **Þórarinn B. Þorláksson** og

Ásgrímur Jónsson hvor í sína ferð upp á hálandi Íslands. Þeir sneru til baka með ímynd af landslagi sem var nánast annars heims. Það var fjarlæggt, kyrrt og sveipað dulúð. Fyrstu málverkin sem til eru af landslagi hálandisins eru þannig síður upphafin eða ægifygur. Þau eru miklu fremur raunsæ á sinn hátt því að þau endurspeglu þann sess sem víðernin skipuðu meðal landsmanna á þeim tíma. Þangað áttu menn ekki erindi og náttúran þar var mönnum algjörlega framandi.

Til að byrja með heyrði til undantekninga að listmálarar ferðuðust beinlínis inn á hálandið. Þegar reginfjöll birtast í málverkum í upphafi tuttugustu aldar er það í langflestum tilvikum úr öruggri fjarlægð. Horft er til jökla og inn til öræfanna heiman af bæjarhlaðinu. Þau mynda bakgrunn hinnar dæmigerðu landslagsmyndar sem sýnir blómlegar sveitir og lífvænlegt umhverfi í forgrunni. Listamennirnir sjálfir voru enda fæddir og uppaldir í þessum sömu sveitum. **Kristín Jónsdóttir** sem var fyrst íslenskra kvenna til að gera myndlist að ævi starfi sínu ferðaðist nokkuð í leit að myndefni í landslagsverk sín. Hún og fleiri samtímamenn hennar leituðust við að fanga augnablikið. Veðurfar og birta skipuðu þar mestan sess, sem og litbrigði náttúrunnar. Með þessum ímpressjónísku landslagsverkum kom fram persónulegt samband manns og náttúru þar sem landið birtist með nýjum hætti í meðföllum hvers einstaklings.

Listamenn máluðu gjarnan úti undir berum himni til þess að taka áhrif umhverfisins beint inn í verkið. Af þeim listamönnum sem máluðu úti á víðavangi er einn kunnastur fyrir þá iðju. **Jóhannes S. Kjarval** skipar nokkra sérstöðu meðal listamanna sem tókust á við víðerni landsins. Hann hafði djúpstæða þekkingu og

skilning á eðli náttúrunnar og túlkaði hana með persónulegum hætti. Tíminn var mikilvægur þáttur í myndmáli hans, ýmist í einu og sama verkinu eða síendurteknum fyrirmyndum yfir lengri tímabil. Kjarval lék sér ennfremur að því að teygja hugmyndir sínar um landslag með því að blanda inn í það figúrum, kafa undir yfirborðið með nánast ofurraunsæislegum hætti eða framandgera það í táknrænum fantasíum.

Rétt eins og í verkum Kjarvals komu áhrif evrópskra listastefna fram í verkum annarra íslenskra landslagsmálara. Hróstrug víðernin voru til að mynda fyrirmynd tilrauna **Jóns Stefánssonar** með nýstárleg form og myndbyggingu. Hann sótti sér innblástur á ýmsum stöðum um landið en lét málverkið sjálfst óhikað ráða ferðinni. Þannig skáldaði hann ýmislegt, einfaldaði og færði til svo myndin gengi upp. Nákvæmir staðhættir viku líka í verkum **Júliönu Sveinsdóttur** fyrir löngun til að tjá upplifun af litum og birtu landsins í einföldum formum og skýrri myndbyggingu. Með tímanum dró úr vægi smáatriða í verkum hennar og þau endurspegluðu fremur andrúmsloft.

Guðmundur Einarsson frá Miðdal var mikill fjallagarpur og kannaði áður ótroðnar slóðir upp um fjöll og firnindi. Það kvað við nýjan tón í afstöðu hans til landsins. Áhugi á útivist skilaði sér í listsköpun hans þótt yfirleitt ynni hann verkin á vinnustofunni að ferðalokum. Hann sóttist gjarnan eftir að vinna með náttúrukrafta landsins, svo sem ummerki eldumbrota, jarðhita og jökla. Guðmundur færði iðulega í stílinn og skeytti minna um staðhætti ef það mætti verða til að skapa verk sem gæfi krafta náttúrunnar betur til kynna. **Sveinn Þórarinsson** deildi áhuga Guðmundar á fjallaferðum og málaði ýmis verk sem sýna hálandislandslag. Örafirn voru

þessum listamönnum áskorun og könnunar-svæði en jafnframt endurspegluðu fjallaferðir þeirra tíðaranda sem lagði áherslu á eflingu sálar og líkama með útivist. **Finnur Jónsson** og **Kristinn Pétursson** leituðu uppi sérstæð fyrirbæri í íslenskrri náttúru, gíga, hveru eða berangur og túlkuðu með tjáningarríkum hætti, sterkum litum og yktum formum. Þeir unnu jafnframt abstraktverk og voru afar frjálsir í túlkun sinni á náttúrunni.

Eftir því sem leið á tuttugustu öld og frumkvöðlar málalistarinnar höfðu mótað framvindu landslagshéðarinnar dvínaði áhugi listamanna nokkuð á þessu viðfangsefni. Abstraktlistin varð allsráðandi og þótt áhrif frá landi og náttúru kæmu þar vissulega við sögu voru fáir sem unnu markvisst með víðernin. Þau birtust þó hjá stöku listamanni fram eftir öldinni í mismunandi samtali við abstraksjón. Fáir gengu jafn langt í myndrænni einföldun sinni og **Stórval**. Myndir hans af Herðubreið og útsýninu inn til landsins frá Möðrudal skipta hundruðum. Þær eru hver annarri líkar en þera með sér einlæga ást á viðfangsefninu.

Eiríkur Smith var fjölbærur listamaður sem hóf sinn feril í hringiðu abstraktmálverksins. Smám saman breyttust áherslur hans og verk-in urðu náttúralískari. Hann ferðaðist mjög víða um landið og málaði gjarnan á staðnum með landið fyrir sjónum. **Ragnheiður Jónsdóttir Ream** kom fram með nýstárleg sjónarhorn, eins og hún svafi í lágflugi yfir landinu. Hún vann einnig á mörkum hins óhlutbundna en áhrifin frá ómælisviðáttum landsins eru greinileg. **Þorbjörg Höskuldsdóttir** notaði fjarvídd og geómetríu til að yta undir form og víddir landslagsins. Þar mætast fjöll og firnindi annars vegar og súlnagöng og marmaragólf hins vegar. **Guðrún Kristjánsdóttir** hefur alla

Einskismannsland

tíð dvalið mikið á hálendislóðum og víðáttan skilaði sér strax í hennar fyrstu verkum. Þar er landslagið einfaldað mjög svo eftir stendur nokkurs konar ímynd af sjóndeildarhring, fjalli, sandauðn eða jökulrönd.

Framúrstefnulistamenn sjöunda og áttunda áratugarins sneru bakinu við landslagshefðinni og beindu sjónum að samfélagi, sögu og tungumáli. Ef hugur þeirra leitaði út fyrir menninguna og nærumhverfið voru kosmískar víddir og heimspekilegar pælingar þeim nærtækari en hálendi Íslands. Jafnvel þótt alþjóðleg hreyfing *landlistar* ryddi sér til rúms skilaði hún sér ekki hingað til lands en ætla mætti að víðernin hefðu verið tilvalinn vettvangur slíkra tilrauna. Ákveðið kynslóðabíl hafði myndast. Unga fólkíð var borgarbörn sem þar engar sérstakar taugar til landsbyggðarinnar, sveitanna eða hálendisins. Alþjóðleg vitundarvakning um umhverfismál og áhrif manna á náttúruna skilaði sér hingað til lands í umræðu um upplástur og landgræðslu. Hugmyndin um að Ísland væri að stórum hluta manngerð eyðimörk kom fram á sjónarsviðið. Stöku rofabarð birtist á myndlistarsýningum en eyðilegt landslag óbyggðanna var fáum innblástur til listskópunar.

Aftur voru það ljósmyndarar sem áttu frumkvæðið að því að endurnýja áhuga fólks á einskismannslandinu. Þeir tóku að birta myndir í blöðum og bókum af fáförnum slóðum á hálendinu. Staðhættir og örnefni skiptu að þessu sinni minna máli því að jarðfræðileg form, veðrun, birta og veðurfar var þeim yrkisefni. Ljósmyndirnar sýndu land sem var ólíkt því sem fólk átti að venjast og það birtist á ný sem ókannað og framandi. Á svipuðum tíma tók fólk að gefa landinu gaum í gegn um sjónvarpsefni. RÚV flutti óbyggðirnar heim í stofu landsmanna

með myndum og frásögnum sem greiptust inn í vitund nýrra kynslóða. Íslensk kvikmyndagerð ýtti svo enn frekar undir endurreisn viðhorfa til víðernanna undir lok tuttugustu aldar. Áhugi almennings á svæðum utan við alfaraleið jókst og fólk varð áhugasamara um sérstöðu landslags og náttúru hálendisins þótt það hefði sjálft aldrei ferðast þangað.

Hafnarhús

Frá upphafi 21. aldar hefur hálendið komið við sögu hjá fjölmörgum myndlistarmönnum, ólíkt því sem var á árunum þar á undan. Sumir hafa tileinkað feril sinn úrvinnslu þessa viðfangsefnis. Áherslum listamanna má skipta eftir leiðum sem vissulega skarast með ýmsum hætti. Tilhneigingin til skrásetningar er ríkjandi, þar sem þeir rannsaka, greina, mæla og skoða í senn landið sem slíkt, sögu þess og nýtingu. Þá eru margir listamenn drifnir áfram af löngun til að vernda víðernin fyrir óafturkræfu raski og beita listskópun sinni að því marki. Þar hefur tíðarandinn sannarlega breyst á einni öld; áður stóð mönnum stuggur af hálendinu en nú ógnar maðurinn tilvist þess. Loks eru víðernin orðin að nokkurs konar rannsóknarstöð listamanna sem skoða tengsl manns og náttúru og líta á öræfin sem auðlind nútímamannsins í leit að sjálfum sér og endurnýjaðri jarðtengingu.

Þótt listamenn hafi fái lagt leið sína á hálendið á seinni hluta 20. aldar voru aðrir þar á ferli. Víðernin voru kortlögð í þaula með tilliti til hugsanlegrar virkjunar fallvatna og jarðhitasvæða til orkuframleiðslu. Metnaðarfullar hugmyndir komu sumar til framkvæmda og samtímis varð sú vitundarvakning meðal landsmanna sem fyrr var lýst. Gildismat þjóðarinnar gagnvart landslagi hálendisins tók stakkaskiptum. Ungir listamenn, **Húbert Nói** og **Georg Guðni**, sem

störfuðu við vatnamælingar og dvöldu langdvölum í óbyggðum heilluðust af umhverfinu. Þeir túlkuðu upplifun sína með nýstárlegum hætti sem segja má að hafi verið viðsnúningur á landslagshefðinni eins og hún hafði þróast í málverkum. Minna máli skipti að fanga landslagið og útsýnið á meðan tilfinningin fyrir landinu varð yfirsterkari. Sú kennd vísaði inn á við þar sem skynjun, upplifun og minni listamannsins opnaði áhorfendum enn aðra staðar- og rýmistilfinningu í ómælisvöldum öræfanna. Angi af þess konar hugarlandslagi birtist einnig í verkum **Katrínar Sigurðardóttur** sem hefur skapað aðstæður sem undirstrika að upplifun manna er einstaklingsbundin. Landslag er hugarsmíð hvers og eins í síendurnýjuðu sambandi manns og náttúru.

Áhuginn á skrásetningu og mælingu landsins kann að hafa sprottið upp úr þeirri vitneskju fólks að hin ósnortna náttúra væri ekki eilíf og óhagganleg. Vegagerð, virkjanir og önnur mannvirkjagerð gat gjörbreytt landslaginu og þar með kynni eitthvað að glatast sem áður hafði verið tekið sem sjálfsögðum hlut. **Kristinn E. Hrafnsson** var snemma á ferð með mælistikuna og kortlagði í upphafi tíunda áratugarins yfirborð stærstu stöðuvatna landsins. Þá þegar voru mörg þeirra orðin hluti af stýrðu, manngerðu landslagi þar sem orkustöðvar við útfall vatnanna ráða umfangi þeirra. Kortlagning er einnig lykilkvætur í listskópun **Einars Garibalda** sem styðst við söguleg landakort af Íslandi þar sem því er skipt upp í hluta. Með uppbroti og víxlun landshlutanna minnr listamaðurinn á að því nákvæmari og margháttaðri mynd sem við eigum af landinu, þeim mun flóknara verður fyrir hvert okkar að sjá það eins og það er með eigin augum.

Í verkum **Önnu Líndal** og **Unnars Arnar** velta þau fyrir sér landmælingum, hvort með sínum hætti. Allt frá því að Anna hóf leiðangra sína með Jöklarannsóknarfélaginu fyrir tveimur áratugum hefur hún beint sjónum að því hvernig maðurinn skrásetur, vaktar og mælir viðernin. Oft er hún á slóðum þar sem viðfangsefni vísindamanna er land í mótun eða beinlínis nýtt og áður ókannað land sem komið hefur upp í eldgosum eða undan hopandi jöklum. Ljósmyndaröð hennar sýnir ólíkan tækjakost á ýmsum stöðum sem skrásetur breytingar í landslaginu með sjálfvirkum og stafrænum hætti. Í verki sínu er Unnar Örn einnig á slóðum vísindamanna inni á hálendinu en þeir voru um og yfir heilli öld fyrr á ferðinni. Fyrstu ljósmyndir af íslenskum víðernum voru teknar í leiðöngurum danskra og íslenskra könnuða um svipað leyti og listamenn hófu að fanga þau. Þar er landið skoðað með augum rannsakandans og landkönnuðarins. Myndirnar sýna fjölbreytt náttúruyfyrirbæri og til þess að gera áhorfandanum betur grein fyrir myndefninu er manneskja fengin til þess að standa einhvers staðar og gefa þannig til kynna hlutföll í landslaginu.

Hlutföll manns og víðerna verða afstæð í ljósmyndum **Péturs Thomsen**. Um árabíl skrásetti hann stærstu framkvæmdir Íslandssögunnar sem tengdust smíði Kárahnjúkavirkjunar. Stórar ljósmyndir hans sýna umbreytingarferli þar sem menn og vinnuvélar móta hina stórskornu og villtu náttúru. Framkvæmdin vakti miklar deilur í samfélaginu, mun víðtækari heldur en í tengslum við fyrri virkjanir inni á hálendinu. Þar var hlutur listafólks áberandi en það reis upp til varnar náttúrunni, ekki aðeins í verkum sínum heldur með beinum aðgerðum og þátttöku í almennt umræðu. Ljósmyndarar birtu

Einskismannsland

myndir af svæðunum sem til stóð að raska og listamenn leiddu þar um hópa fólks í gönguferðum og gjörningum. Athygli almennings var vakin á sérstöðu hins fáfarna og ósnortna lands. **Ósk Vilhjálmsdóttir** var ein þeirra sem dvaldi langdvölum upp undir jökli á svokölluðum Kringilsárrana sem hvarf undir uppistöðulón virkjunarinnar. Hún heimsótti svæðið á ný áratug síðar og fór fótgangandi og hlaupandi í kring um lónið. Upplifun sína festi hún á filmu og notaði sem efnivið í viðamikla innsetningu.

Rúrí hefur endurspeglað náttúruverndarbaráttuna í fjölmörgum verkum sínum. Fossar hafa verið helsta táknmynd hennar, þeir standa fyrir ótamið náttúruafl sem laskast eða hverfur við virkjun. Hún hefur skrásett fallvötnin, ljósmyndað, kvikmyndað, tekið hljóðupptök og loks miðlað með ýmsum hætti í verkum sínum og innsetningum. Rétt eins og Rúrí var **Steinunn Gunnlaugsdóttir** sýnileg í mótmælunum gegn Kárahnjúka-virkjun þar sem þær stóðu fyrir beinum aðgerðum og listrænum gjörningum. Í nýju verki dregur hún upp mynd af nútímamanninum sem er sitengdur stafrænum verkeika þar sem heimsmyndin er öll komin á sama plan. Þeirri mannlegu þörf sem náttúruleg víðerni hálendisins kunna að hafa svarað er nú fullnægt í sýndarheimi. Þeim heimi er viðhaldið með sömu orkunni og virkjuð er á kostnað umhverfisins.

Mörk hins manngerða og náttúrulega eru mjög á reiki í allri umræðu samtímans um öræfi Íslands. Rök hafa verið færð fyrir því að hvergi sé ósnortinn blettur þar sem áhrifa mannsins gætir bæði í mannvirkjagerð en einnig óbeint í tengslum við hina svokölluðu mannöld. **Hekla Dögg Jónsdóttir** hefur í verkum sínum skoðað eðli upplifunar, einkum

hrifnæmis. Þar leikur hún sér með endurgerð fyrirbæra sem hafa óumdeilanleg áhrif á okkur, eins og náttúrulegur foss. Með því að endurskapa hann í sýningarsal með stuðningi ljósa og hljóðs kallar hún fram hughrif hjá áhorfendum. Þau vege salt á milli minninga um hið náttúrulega fyrirbæri og skynjunar augnabliksins gagnvart eftirmyndinni. Á sama hátt vinnur **Ragna Róbertsdóttir** með mörkin á milli náttúrulegs umhverfis og manngerðs. Hún sækir efnivið beint í náttúruna og meðhöndlar þannig að hún geti notað hann í verkum sínum. Hún sniður verk sín markvisst að sýningarrýminu og setur þannig upplifun áhorfenda á staðnum í forgang. Um leið fylgir kynngimagn efnisins inn í verkið auk sögulegrar tilvísunar þegar ákveðin eldstöð er tilgreind í heiti þess.

Ólafur Eliasson nálgast öræfi Íslands í gegn um ljósmyndaraðir þar sem hann fangar mismunandi sýnishorn af afmörkuðu náttúruyfyrirbæri, brýtur upp stóra landslagsheild í nokkrar einingar eða skoðar eitt og sama fyrirbærið yfir tiltekinn tíma. Jöklar og jökulár birtast í verkum hans sem sýbreytileg náttúruyfyrirbæri og minna áhorfendur á þá umbreytingarferla sem eru í umhverfi okkar og hvernig skynjun okkar lagar sig stöðugt að nýjum aðstæðum. Breytileiki umhverfisins kemur bersýnilega í ljós í ljósmyndaverkum **Hallgerðar Hallgrímsdóttur** sem hefur notast við fundnar myndir í list sinni. Hún safnar skjáskotum af eftirlitsmyndavélum sem eru víða um land til þess að fylgjast ýmist með ástandi fjallvega eða mögulegum jarðhræringum virkra eldstöðva. Í myndum hennar birtist enn ný tenging íbúa landsins við óbyggðir sem er frábrugðin afstöðu fyrri tíma og byggist á breyttum tíðaranda og tækniþróun.

Sem ungur maður fylgdi **Einar Falur Ingólfsson** afa sínum í fjárrekstur upp á Kjöl. Þar fékk hann beint í æð tengingu fyrri kynslóða við óbyggðir. Um leið upplifði hann öræfin með afstöðu nútímamannsins sem er meðvitaður um þau ólíku viðhorf sem ríkja til þeirra. Sem ljósmyndari hefur hann um árabíl ferðast um hálendið í leit að fólki sem sækir þangað á eigin forsendum. Hann hittir fyrir einstaklinga sem hver og einn hefur sínar væntingar og skynjar umhverfið á persónulegan hátt. Í ljósmyndaverkunum sjáum við þetta fólk en líka ummerki þess, þau spor sem það skilur eftir sig. Myndirnar endurspeglar ofurhversdagslegar þarfir eins og húsaskjól, fararskjóta, salernisaðstöðu og matarföng – allt frammi fyrir ægifyggu umhverfi öræfanna. Sú líkamlega tenging við náttúruna sem birtist í ljósmyndum Einars Fals kemur fram með eilítið öðrum hætti í myndbandsverki **Sigurðar Guðjónssonar**. Þar er hann staddur í gljúfri þar sem ummerki um steypta stíflu eru sjáanleg en hún er löngu brostin og áin flæðir óhindrað fram. Manneskja fetar sig eftir gamla stífluveggnum fram og tilbaka í hríðarveðri. Það er eins og varpa megi öllum þælingum um margháttað samband manns og (ó)snotinnar náttúru á þennan náunga sem þarna reikar um í hálfgerðri óvissu.

Ríkir þar fegurðin ein?

Áhrifa mannsins gætir um allt hálendi Íslands en jafnframt endurspeglar listasaga heillar aldar að áhrifin sem hálendið hefur á manninn eru óumdeilanleg. Í skáldsögu Halldórs Kíljans Laxness, *Heimsljós* (1937–40) um skáldið og sveitarómagann Ólaf Kárasón er lýst leit hans að fegurðinni: „Þar sem jökulinn ber við loft hættir landið að vera jarðneskt, en jörðin fær hlutdeild í himninum, þar búa ekki framar neinar sorgir og þessvegna er gleðin ekki nauðsynleg, þar ríkir fegurðin ein,

ofar hverri kröfu.“ Er það raunverulega svo að náttúran og landslagið séu heimkynni fegurðar og í hverju felst þá sú fegurð? Hvar kemur manneskjan inn í það mengi eða á hún ekkert erindi inn á einskismannsland? Nýstárleg og afar sérstök afstaða samtímans gagnvart óbyggðum Íslands birtist í dægurmenningu síðustu ára. Kvikmyndagerðarmenn hafa í æ ríkari mæli sóst eftir því að nota íslenska náttúru sem bakgrunn í fantasíur sem eiga að gerast á öðrum plánetum eða í kjölfar meiriháttar hörmunga. Hvað segir þetta okkur um afstöðu samtímans til náttúrunnar – er hún okkur enn jafn framandi og fjarlæg og hún var þeim listamönnum sem fönguðu hana fyrst fyrir rúmri öld? Það sýnir sig í verkum þeirra listamanna sem eiga verk á sýningunni að tengsl okkar við víðernin eru breytileg og að á hverjum tíma takast á ólík viðhorf. Þau eru þó alltaf til staðar sem hluti af lífinu í landinu og móta sjálfsmynd okkar. Þau hafa staðið fyrir lífsháska og ógn, upphafna fegurðarþrá, þjóðernislega ættjarðarást, ævintýramennsku og könnunarþorsta, orku og hagsæld, ímyndarsköpun og landkynningu, hvíld og endurnæringu, innblástur ímyndunar-aflsins og svo mætti lengi telja. Höldum áfram að horfa til fjalla og láta hugann reika.

Dagskrá

Klúbbur Listahátíðar Hafnarhúsi

Dagleg leiðsögn 2.–18. júní
kl. 11:30 á íslensku og kl. 14:00 á ensku

Miðvikudagur 6. júní kl. 17:00
Maður og náttúra
Bára Sigfúsdóttir, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir,
Markús Þór Andrésson

Laugardagur 9. júní kl. 12:00
Listamannaspjall með sýndendum

Partí & Kjaftæði – Vínbar

Hafnarhús

Föstudagur 22. júní – 28. sept. kl. 12:30
Hádegisleiðsögn

Sunnudagar 1. júlí, 12. ágúst
og 23. sept. kl. 15:00
Almenn leiðsögn

Fimmtudagar 21. júní, 5. og 19. júlí,
2. og 15. ágúst kl. 20:00
Leiðsögn listamanna

Fimmtudagar 30. ágúst, 6., 13.
og 20. sept. kl. 20:00
Kynningarkvöld samtaka
er láta sig hálendi Íslands varða

Kjarvalsstaðir

Miðvikudagar 6. júní – 26. sept. kl. 12:30
Hádegisleiðsögn

Sunnudagar 24. júní, 29. júlí, 26. ágúst
og 30. sept. kl. 15:00
Almenn leiðsögn

Sumarnámskeið í málun fyrir 10–12 ára krakka
Smiðja I: 11.–15. júní frá kl. 9:00–12:00
Smiðja II: 18.–22. júní frá kl. 9–12
Skráning fer fram á Frístundavefnum

Önnur dagskrá

Laugardagur 18. ágúst – Menningarnótt
Sérstök dagskrá með ýmsum viðburðum

Laugardagur 8. september
Málþing fulltrúa af sviðum fræða og myndlistar

Laugardagur í september kl. 11:00
Listleikni: Námskeið í fjórum hlutum tengt
þema sýningarinnar

Ferðalag um Einskismannsland
Bakbakpoki fyrir börnin með spennandi
leiðangri um sýninguna

Nánari upplýsingar um dagskrá
má finna á listasafnreykjavikur.is

Programme

Reykjavik Arts Festival Hub

Daily gallery talk 2–18 June
11:30 in Icelandic and 14:00 in English

Wednesday 6 June 17:00
Man and Nature, symposium (in Icelandic)
Bára Sigfúsdóttir, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir,
Markús Þór Andrésson

Saturday 9 June 12:00
Artist Talk (in Icelandic)

Party & Bullshit – Wine Bar

Hafnarhús

Fridays 22 June – 28 Sept 12:30
Gallery Talk (in Icelandic)

Sundays 1 July, 12 August, and 23 Sept. 15:00
Guided Tour (in Icelandic)

Thursdays 21 June, 5 and 19 July
and 15 August 20:00
Artist Talk (in Icelandic)

Thursdays 30 August, 6, 13, and 20 Sept 20:00
An evening with wilderness organizations
(in Icelandic)

Kjarvalsstaðir

Wednesdays 6 June – 26 sept 12:30
Gallery Talk (in Icelandic)

Sundays 24 June, 29 July, 26 August
and 30 Sept. 15:00
Guided Tour (in Icelandic)

Summer Course in painting
for kids 10–12 years old
Workshop I: 11–15 June 9:00–12:00
Workshop II: 18–22 June 9:00–12:00
Registration online: fristund.is

Further Programme

Saturday 18 August – Culture Night
Special programme with different events

Saturday 8 September
Symposium with researchers and artists
(in Icelandic)

Saturdays in September 11:00
Listleikni: A four part course on the
theme of the exhibition (in Icelandic)

Journey through No Man's Land
Backpack for children with
an expedition through the exhibition

Detailed programme
available online: artmuseum.is

No Man's Land

No Man's Land

The title of this extensive exhibition refers to the Icelandic highlands and certain ideas regarding them which Icelanders have long held aloft. It hints at remote wilderness and untamed nature where the footprints of man are rarely seen. Of course, people's attitude has undergone serious changes through the years, with better access to the highlands and its multitudinous use. Despite this, there is still a tendency to preserve the image of the highlands as an unspoiled area. For more than a century, this no man's land has been the subject of artists. At any given time they have reflected the different views on the Icelandic wilderness and been instrumental in shaping said views.

Kjarvalsstaðir

The Icelandic highlands as subjects of art appear in text before image, in the nationalistic poetry of the 19th century, for example. This was followed by photographs and shortly thereafter also paintings. The first photographers travelled around the country, taking photos of remote places, showing the nation a new side of the country as they readily shot unique natural phenomena and landscape. For centuries the highlands had been a hazardous area which no one dared enter, except to get from one place to another. The work of these photographers aroused a previously unknown interest and reflected new attitudes. Their photos gained popularity and were used in local as well as foreign travel books. The photographers' view of the country laid the foundation for people's first graphic knowledge of Iceland's untouched nature. From then on it is debatable how untouched it was, as the artists had already marked it.

Shortly after 1900, artists **Pórarinn B. Þorláksson** and **Ásgrímur Jónsson** went on separate

journeys into the highlands. They returned with images of an almost otherworldly landscape. It was distant, calm and shrouded in mystery. Thus the first paintings of the highland landscape are not very lofty or sublime. Much rather, they are in a way realistic, because they reflect the wilderness's status among the natives at the time. People had no business here, the nature was totally alien to them.

In the beginning, artists only rarely travelled into the highlands. When great mountains appear in paintings from the start of the 20th century, more often than not they are painted from a safe distance, a view of the glaciers and wilderness from the security of the farmyard. The mountains are the background of the typical landscape, showing flourishing countryside and active environment in the foreground. The artists themselves were born and raised in this same countryside. **Kristín Jónsdóttir**, the first Icelandic woman who dedicated her life to fine art, travelled fairly widely in search of inspiration for her landscapes. She and her contemporaries sought to capture the moment. Weather and light played a significant part in the process, as did the colours of nature. Those impressionistic landscapes revealed a personal relationship between man and nature with a fresh and individual view from each artist.

Artists often painted outdoors to capture the environment's spirit straight onto the canvas. Of all the artists working outdoors, one of them is by far best known. **Jóhannes S. Kjarval** has a unique position among those painters who dealt with the Icelandic wilderness. He had a deep knowledge and understanding of nature and interpreted it in his own, personal way. Time was an important factor in his imagery, sometimes within the same painting, or in repeated

subjects over longer periods of time. Kjarval also played around with his ideas of landscape by adding figures, delving underneath the surface in almost a surrealist fashion or defamiliarising it in symbolic fantasies.

As in Kjarval's work, other Icelandic painters were also influenced by currents in European art. Thus the barren wilderness were the model for **Jón Stefánsson's** experiments with unusual form and composition. He sought inspiration all over the country but the painting itself was the driving factor, so he was not shy to make things up, simplify them or move them around to make it work. Exact conditions were also deviated from in **Júlíana Sveinsdóttir's** paintings, to enable her to express her experience of colours and light in the landscape in simple forms and clear composition. Over time, her focus on details diminished and the work mostly reflected atmosphere.

Guðmundur Einarsson from Miðdalur was quite the mountaineer and ventured far off the beaten path. His view on the landscape was of a new and different nature. His interest in the outdoors was reflected in his art although he normally painted in his studio after he'd finished his travelling. He preferred to deal with the country's forces of nature, such as eruptions, geothermal heat and glaciers. Guðmundur was fond of exaggerating and didn't stay too true to the original landscape if he needed to diverge from it to create a stronger painting, more indicating of nature's powers. **Sveinn Þórarinnsson** shared Guðmundur's interest in mountaineering and painted various pieces showing the highlands. The wilderness presented a challenge to these artists, as well as being an area of exploration. Their highland journeys also

reflect the spirit of the times, where outdoor activities were considered beneficial for body and soul. **Finnur Jónsson** and **Kristinn Pétursson** searched for unusual phenomena in Icelandic nature, craters, geysers and the like, and put their own expressive spin on them with bright colours and exaggerated forms. They also did abstract work and their stance on how to interpret nature was very liberal.

As the 20th century wore on and pioneers in the art of painting had shaped the progress of the landscape tradition, artists' interest in the subject decreased somewhat. Abstract art became dominant and although influenced by landscape and nature, not many artists worked on the subject in a purposeful manner. A few of them did however show influences from nature in various abstract experimentation. Few artists took their visual simplification to the same length as **Stórval**. He painted hundreds of paintings of Mt. Herðubreið and the view of Möðrudalur and its surroundings, all quite similar but show a sincere affection for the subject.

Eiríkur Smith was a versatile artist who started his career in the middle of the abstract whirlpool. Gradually his focus shifted and his work became more naturalistic. He travelled all over the country and preferred to paint on site, with the landscape in front of him. **Ragnheiður Jónsdóttir Ream** presented an unusual viewpoint, almost as if she were gliding over the land at low altitude. Her work also toes the line into abstractionism but the influence of the vastness of the landscape is clear. **Þorbjörg Höskuldsdóttir** used perspective and geometry to exaggerate the forms and dimensions in the landscape. In her paintings, mountains and wilderness meet colonnades and marble floors. **Guðrún Kristjánsdóttir** has always spent a lot

No Man's Land

of time in the highlands and this is visible right from her very first work. She simplifies the landscape to the extent that nothing is left except an image of a horizon, mountain, a sandy desert or strip of a glacier.

The avant-gardists of the sixties and the seventies turned their back on the landscape tradition, focusing on the society, history and language. If they happened to seek inspiration outside contemporary culture, cosmic dimensions and philosophical musings were closer to their heart than the Icelandic highlands. Even though a new movement, *land art*, emerged in Europe, it didn't reach these shores, where one would've thought our wilderness was a perfect scene for such experiments. A generation gap had formed. The young people came from the city and had no particular affinity for the countryside, rural areas or the highlands. International awakening regarding environmental issues and man's influence on nature made its way here, with debates about wind erosion and soil reclamation. The idea arose that Iceland was for the most part a man-made desert. The occasional eroded ridge appeared in art exhibitions but the highland's barren landscape inspired few.

Again it fell to the photographers to renew people's interest in the no man's land. They started publishing photos of remote locations in newspapers, magazines and books. This time, actual place was of less importance, the focus was on geological formations, erosion, light and weather. The photos showed a country which was different from people's ideas, the landscape felt alien and unspoilt. At the same time people started paying attention to the land through the television. The Icelandic National Broadcasting Service brought the wilderness to the people's living rooms with

images and stories which burrowed into the nation's consciousness. Icelandic filmmaking gave even further rise to a new attitude towards our wilderness at the end of the 20th century. Public interest in remote locations grew and people became more interested in the unique landscape and nature of the highlands, even if they'd never been there themselves.

Hafnarhús

Since the turn of the century, the Icelandic highlands have been the subject of many artists, as opposed to the prevailing trends of the previous years. Some people have dedicated their careers to covering this subject. Their individual focus is on different things but they overlap in many ways. There is a clear tendency to catalogue things, the artists research, analyse, measure and look at the land as it is, but also at its history and utilisation. Many of them are driven by a desire to protect the wilderness against irredeemable harm and employ their art for that cause. The situation has certainly changed within just a hundred years, in the past man was frightened of the highlands, today the highlands are threatened by man. The wilderness has become a research centre of sorts, for artists who are exploring man's connection to nature, they view it as the modern man's natural resource in the search for themselves and a renewed connection to the earth.

Although not many artists were found in the highlands in the second half of the 20th century, other people were travelling there at the time. The wilderness was mapped out with regard to possible hydroelectric installations and utilisation of geothermal areas to produce electricity. Ambitious ideas arose, some of them came to fruition and simultaneously the people's environmental concerns previously

mentioned kept growing. The nation's value of the highlands was transformed. Young artists, **Húbert Nói** and **Georg Guðni**, who worked at hydrography, staying in the wilderness for long periods of time, were captivated by their surroundings. They interpreted their experiences in a unique fashion, a total reversal of the old landscape tradition. The landscape and the view were less important than the feeling of the land. The emotion pointed inwards, the artist's perception, experience and memory opened up for the viewer another feeling of place and space in the vast wilderness. A hint of this kind of mental landscape is also found in the work of **Katrín Sigurðardóttir** who has created situations which emphasise how individual each person's experiences are. Each of us conceives their own landscape in a constantly renewed relationship between man and nature.

The interest in cataloguing and measuring the landscape may have risen from the knowledge that the unspoilt nature is neither eternal nor unwavering. Road building, power plants and other construction projects could transform the landscape, thereby losing things which had previously been taken for granted. Early on, **Kristinn E. Hrafnsson** went around with his yardstick, at the beginning of the nineties he mapped the surface of all the biggest lakes in the country. By then, many of them had already become a part of a controlled, man-made landscape where power stations at their outlets control their size. Mapping is also a key factor in the art of **Einar Garibaldi** who uses historical maps of Iceland, where it is divided into different parts. By rotating and mixing up the parts, the artist reminds us that the more precise and detailed our images of the land are, the harder it is for each of us to see it as it really is.

Anna Líndal and **Unnar Örn** both are interested in surveying, each in their own way. Ever since Anna started going on trips with the Iceland Glaciological Society, twenty years ago, she has focused on how man catalogues, watches over and measures the wilderness. She often visits places where scientists are dealing with changing landscapes or even new and unknown territories which have been formed in eruptions or emerged from receding glaciers. Anna's photo series shows different equipment at different places, automatically and digitally registering changes in the landscape. Unnar Örn also follows in the footsteps of scientists in the highlands, but in this case they were travelling there over a century ago. The first photographs of Icelandic wilderness were shot during the journeys of Danish and Icelandic explorers, around the same time as artists started capturing them. The photos show the land through the eyes of the researcher, show various phenomena in nature and to help the viewer better understand the subject, a person stands somewhere within the frame to show the proportions in the landscape.

The proportion of man and the wilderness is all relative in the photographs of **Pétur Thomsen**. For years he documented the largest industrial project in Icelandic history, the construction of the Kárahnjúkar Dam. His large photos show a transformation process where men and machinery shape the rough and wild nature. This project was extremely controversial in the society, much more so than previous dams in the highlands. Artists played a big part, they rose up to protect the nature, not only in their work but with direct action and participation in the public discussion. Photographers showed pictures of areas which were threatened with destruction and artists led groups of people

No Man's Land

on hikes and performances. The public's attention was drawn to the uniqueness of this remote and unspoiled territory. **Ósk Vilhjálmsdóttir** was one of those who stayed for long periods of time at the roots of the glacier, in so-called Kringilsárrani which disappeared beneath the dam's reservoir. A decade later she revisited the area and went on foot around the reservoir, filming her experience to create an extensive installation.

The fight for the conservation of nature is reflected in many of **Rúri's** works. Her signature subject has been the waterfalls, they represent an untamed natural force which is damaged or destroyed when the rivers are dammed. She has catalogued the rivers, taken photos and filmed, recorded sound and shared this in various ways in her works and installation. Just like **Rúri**, **Steinunn Gunnlaugsdóttir** was prominent in the Kárahnjúkar protests, both artists instigated direct action and artistic performances. In a new piece she portrays the modern man who is perpetually connected to a digital reality where all your view of the world is concentrated on the same level. The human need which the nature in the vast highlands may once have satisfied is now fulfilled in a virtual reality, in a world which is sustained using the energy which is harnessed at the nature's expense.

The boundaries between the man-made and the natural are very unclear in today's discussion on the Icelandic highlands. It has been argued that there is no unspoiled area left, as man has influenced it all through construction and also indirectly in connection to the so-called *Anthropocene*. In her art, **Hekla Dögg Jónsdóttir** has explored the nature of experience, in particular of impressionability. She recreates things which have an undeni-

able effect on us, such as a natural waterfall. By recreating it in the exhibition hall, using lights and sound, she makes an impression on the viewers, which are torn between their memories of the real thing and the present perception of the copy. **Ragna Róbertsdóttir** works in a similar way with the boundaries between natural and man-made environment. She collects her materials directly from the nature and treats it so she can use it for her work. She tailors her pieces to the exhibition space, focusing on the viewer's experience on the spot. At the same time, the enigmatic powers of the material are transported into the art work, as well as a historic reference when a certain volcano is mentioned in its title.

Ólafur Eliasson approaches the Icelandic wilderness through series of photographs where he captures a defined area from different angles, splits a large unit of land into several pieces or explores the same place for a certain amount of time. Glaciers and glacial rivers appear in his work as ever-changing natural elements, reminding the viewer of the transformation processes in our environment and how our perception constantly adapts to new situations. The instability of the environment is clearly visible in the photographic works of **Hallgerður Hallgrímsdóttir** who uses found photos to create her art. She collects screenshots from surveillance cameras from all over the country to follow the conditions of the mountain roads and possible tremors in active volcanoes. Her photos show us yet another new connection between the people and the wilderness, different from the position of old, based on different times and technical progress.

As a young man, **Einar Falur Ingólfsson** accompanied his grandfather, driving sheep up

to Kjölur, thus witnessing from first hand past generation's connection to the highlands. At the same time he experienced the highlands through the lens of the modern man, aware of all the different attitude towards the wilderness. As a photographer, Einar has travelled the highlands for years, searching for people who venture up there for private reasons. He meets individuals who each have their own expectations and perceive the environment in a personal manner. In his photos we see those people, but also signs of their existence, the traces they leave behind. The photos reflect extremely mundane needs like shelter, mode of transport, toilet facilities and food supplies – always with the amazing beauty of the wilderness in the background. The physical connection to nature which is present in Einar's work is portrayed differently in **Sigurður Guðjónsson's** video installation. He is located in a canyon where there are traces of an old concrete dam which has long since burst and the river flows on unhindered. A person shuffles along the old dam wall in a snowstorm. It feels like all speculation about the multi-layered relationship between man and (un)spoilt nature can be attributed to this person, wandering in a kind of limbo.

Where beauty alone reigns?

Man has made his mark all over the Icelandic highlands, but at the same time more than a century of art history shows us that the highlands have an unquestionable effect on man. In *World Light* (1937–1940), Halldór Kiljan Laxness's novel about the poet and pauper Ólafur Kárason, the author describes his search for beauty: "Where the glacier meets the sky, the land ceases to be earthly, and the earth becomes one with the heavens; no sorrows live there anymore, and therefore joy

is not necessary; beauty alone reigns there, beyond all demands." Is it really the case that nature and landscape are the abode of beauty and if so, what does the beauty in question entail? Where does mankind enter into this equation, or doesn't it belong in no man's land? Popular culture of recent years has shown us an unusual and particular position towards the Icelandic highlands. Movie makers increasingly seek to use Icelandic nature as background to fantasies which are supposed to take place on other planets or in the wake of a major disaster. What does this tell us of the present day's view on nature – is it still as alien and distant as it was to the artists who first captured it over a century ago? The art work in this exhibition shows an ever-changing connection to the wilderness and that each period has its conflicts. However, the highlands are always present as part of life in Iceland, they shape our identity. They have represented danger and threat, glorified desire for beauty, nationalistic patriotism, thirst for exploration and adventures, energy and prosperity, identity and branding, rest and refreshment, a source for the imagination and the list goes on. We shall continue to look to the mountains and let our minds wander.

Einskismannsland
No Man's Land

Ríkir þar feegurðin ein?
Where Beauty Alone Reigns?

2. júní – 30. september 2018
2 June – 30 September 2018

Listamenn
Artists

Hafnarhús
Anna Línal
Einar Falur Ingólfsson
Einar Garibaldi Eiríksson
Georg Guðni Hauksson
Hallgerður Hallgrímsdóttir
Hekla Dögg Jónsdóttir
Húbert Nói Jóhannesson
Katrín Sigurðardóttir
Kristinn E. Hrafnsson
Ólafur Elíasson
Ósk Vilhjálmisdóttir
Pétur Thomsen
Ragna Róbertsdóttir
Rúrí
Sigurður Guðjónsson
Steinunn Gunnlaugsdóttir
Unnar Örn J. Auðarson

Kjarvalsstaðir
Ásgrímur Jónsson
Eiríkur Smith
Finnur Jónsson
Guðmundur Einarsson frá Miðdal
Guðrún Kristjánsdóttir
Jóhannes S. Kjarval
Jón Stefánsson
Júlíana Sveinsdóttir
Kristinn Pétursson
Kristín Jónsdóttir
Ragnheiður Jónsdóttir Ream
Stefán Stórval Jónsson
Sveinn Þórarinnsson
Þorbjörg Höskuldsdóttir
Þórarinn B. Þorláksson

Sýningarnefnd
Curatorial Team

Edda Halldórsdóttir
Markús Þór Andrésson
Ólöf Kristín Sigurðardóttir
Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Sýningarhönnun
Exhibition Design

Axel Halkell Jóhannsson

Samráðshópur
Advisory Team

Andri Snær Magnason
Einar Garibaldi Eiríksson
Einar Falur Ingólfsson
Guðbjörg R. Jóhannesdóttir
Steinunn Gunnlaugsdóttir
Þóra Ellen Þórhallsdóttir

Þakkið til allra sem komu að undirbúningi þessarar sýningar og lögðu fram sérfræði-þekkingu sína. Þakkið til allra sem lögðu til verk og annað efni, einkum til Listasafns Íslands.

Thanks to all who helped with the preparation of this exhibition by contributing their expertise. Thanks to everyone who lend works and other material, especially to the National Gallery of Iceland.

Sýningunni fylgir sýningarskrá með ljósmyndum af verkum á sýningunni og völdum textum um viðerni Íslands.

